

Fundur í skólaráði Fossvogsskóla, miðvikudaginn 2. júní 2021

Mætt: Karl Óskar Práinsson, Agnar Freyr Helgason, Halla Gunnarsdóttir, Árni Freyr Thorlacius Sigurlaugsson og Ingibjörg Ýr Pálmadóttir

Fjarverandi: Guðrún Þorsteinsdóttir og Helena Rósa Róbertsdóttir

Dagskrá fundar:

- Skólaslit
- Vorhátíð Foreldrafélags Fossvogsskóla (ljóst er að við þurfum að fylgja fyrir mælum sóttvarnalækni um fjöldatakmörkun því sömu reglur gilda inni og úti. Við þurfum því að hólfastípta hátíðinni og dreifa henni um skólalóðina)
- Húsnæðismál komandi skólaára
- Önnur mál

Fundur haldinn frá kl. 8:30 til kl. 10:00

- ✓ Rætt var um væntanleg skólaslit sem verða miðvikudaginn 9. júní kl. 15:00 – 17:00. Sagt var frá því að veðurspáin lofi ekki góðu og því verði að huga að plani B sem sé að ræða við Víking um lán á stóra salnum fyrir þrískipt skólaslit; 1. og 2. bekkur saman, 3. og 4. bekkur saman og 5. og 6. bekkur saman. Skólaslit 7. bekkjar fara fram að kvöldi 8. júní.
 - Stjórnendur hafa þegar rætt við Víking sem tóku erindinu mjög vel og töldu sjálfsgagt að skólinn fengi aðgang að stóra salnum undir skólaslit fari svo að veðurguðirnir verði okkur ekki hliðhollir.
 - Í samhengi við skólaslit var sagt frá þemadögum í Fossvogsskóla við Korpu þar sem meginviðfangsefnið er VATN og ólíkar birtingamyndir þess. Unnið er út frá heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um nýtingu vatns.
- ✓ Vorhátíð foreldrafélags Fossvogsskóla. Stjórnendur funduðu með fulltrúum FFF mánudaginn 31. maí til að fara yfir væntanlega vorhátíð FFF. Farið var yfir ólíkar leiðir í nálgun á vorhátíð og þótti sýnt að henni sé afar þröngur stakkur sniðinn vegna sóttvarnareglna. Að endingu var það talið best að tengja „vorhátíð“ við skólaslit með því að fá skemmtikraft fyrir hverja athöfn skólaslita. Málið er í höndum FFF.
- ✓ Farið var yfir stöðu húsnæðismál á breiðum grunni. Sagt frá vinnufundi sem fjórir starfsmenn skólans höfðu setið í gær þar sem horft var fram á við og til dagsins í dag. Samþykkt var að send yrði skoðun/orðsending til fulltrúa skóla- og frístundasviðs og umhverfis- og skipulagssviðs.
 - Skoðunin var send um hádegis 3. júní og sjá má hér að neðan.

Skoðun – orðsending

Skoðun þessi er viðbragð skólaráðs Fossvogsskóla við þeim upplýsingum sem bárust vegna mögulegrar nýtingar Austurlands, ásamt færanlegum kennslustofum, undir skólastarf á komandi skólaári.

- Efasemdir eru um að viðgerðum við Austurland verði að fullu lokið þegar færanlegum kennslustofum verður komið fyrir á skólalóð Fossvogsskóla. Á upplýsingafundi skólaráðs skólans sem fram fór miðvikudaginn 26. maí kom fram að raunstaða á Austurlandi lægi ekki fyrir því endanlegum rannsóknum á húsnæðinu væri ekki lokið. Hér hræða spörin.

- Efasemdir eru um það að ef farið verði inn í Austurland áður en framkvæmdum sé þar að fullu lokið þá verði ekki farið í þær umbætur sem nauðsynlegar eru taldar til að mæta kröfum um nútímaskólastarf.
- Efasemdir eru um að hægt sé að afmarka hluta húsnæðisins þannig að tryggt verði að ryk og aðrar öragnir berist ekki á milli rýma á framkvæmdatíma. Á upplýsingafundi skólaráðs 26. maí síðast liðinn kom fram hjá starfsfólki EFLU að skólinn væri ein heild og að brýnt væri að vinna að uppbyggingu í samræmi við það fremur en að hólfa hann niður.
- Skýr vilji er til þess að EFLA komi að eftirliti og nánari rannsóknarvinnu á uppbyggingartíma.
- Flutningur hluta af starfsemi skólans í Austurland er trúlega í andstöðu við vilja meirihluta foreldra í húsnæðismálum skólans.

Talið er brýnt að ýta undir tilfinningu skólasamfélagsins um rödd í húsnæðismálum Fossvogsskóla. Því er óskað eftir því að sem fyrst fari fram stærri samráðsfundur þar sem sitja fleiri fulltrúar starfsfólks og foreldra en nú eru í skólaráði og að á þeim fundi væru einnig fulltrúar frá skóla- og frístundasviði og umhverfis- og skipulagssviði.

Þá er talið æskilegt að bjóða upp á valkosti í húsnæðismálum og að gefinn sé rýmri tími í viðgerðir en rætt hefur verið um. Hér er horft til eins árs, eins og hálf árs og/eða tveggja ára. Talið er að almennt standi hugur til þess að ljúka að fullu allri enduruppbyggingu áður en flutt er inn í húsnæði skólans.

Virðingarfyllt,
Ingibjörg Ýr Pálmadóttir,
skólastjóri Fossvogsskóla

Fundargerð ritaði Ingibjörg Ýr Pálmadóttir,

Fundi slitið kl. 10:00